

Fréttatilkynning.

Í sveitarstjórnarkosningum á Akranesi 29. maí síðast liðinn greiddu alls 3.149 kjósendur atkvæði. Auðir seðlar voru 257 og ógildir voru 35. Kjørsókn var 69,2%. B- listi fékk 680 atkvæði og tvo fulltrúa, D- listi fékk 719 atkvæði og tvo fulltrúa, S- listi fékk 993 atkvæði og fjóra fulltrúa og V- listi fékk 465 atkvæði og einn fulltrúa.

Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna geta kjósendur breytt nafnaröð á þeim lista sem þeir kjósa eða strikað yfir nafn frambjóðanda ef kjósandinn vill hafna þeim frambjóðanda. Við sveitarstjórnarkosningarnar á Akranesi 29. maí s.l. var nokkuð um að kjósendur nýttu þennan rétt sinn og strikuðu yfir nöfn ákveðinna frambjóðenda eða breyttu röð þeirra. Í sumum tilvikum var strikað yfir fleira en eitt nafn. Nánara yfirlit yfir yfirstrikanir og breytingar á röð níu efstu frambjóðenda á hverjum lista er hér að neðan.

	B- listi	D- listi	S- listi	V- listi
Fjöldi yfirstrikanana alls	60	201	126	20
Yfirstrikað 1. sæti	42	149	78	4
Yfirstrikað 2. sæti	4	6	39	11
Yfirstrikað 3. sæti	4	27	3	2
Yfirstrikað 4. sæti	5	26	8	2
Yfirstrikað 5. sæti	2	76	3	2
Yfirstrikað 6. sæti	3	4	9	1
Yfirstrikað 7. sæti	3	1	3	1
Yfirstrikað 8. sæti	2	3	1	1
Yfirstrikað 9. sæti	1	1	1	1

Ofangreindar yfirstrikanir og tilfærslur á framboðslistum hafa ekki áhrif á röð frambjóðenda.

Akranesi 4. júní 2010.

Jón Pálmi Pálsson.